

REGLUGERÐ

135

16. des.

um breyting á reglugerð frá 14. maí 1935, um viðauka við reglugerð frá 15. marz 1935, um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur o. fl.

Í stað orðanna „merkt ógerilsneydd mjólk B“ komi: þeim lokað með ólituð-um aluminiumlokum með áletruðu orðinu N Ý M J Ó L K, en gerilsneydd mjólk á flöskum, sem eru með samskonar lokum, aðgreinist frá hinni fyrrnefndu með rauðu bandi á lokinu.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 17. janúar 1935, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

136

16. des.

fyrir Sauðárkrók.

I. KAFLI

Um takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Sauðárkrókshöfn tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegranness, innan beinnar línu, er hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann í Hegranesi.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- málaráðuneytisins.

3. gr.

Hafnarnefnd hefir, fyrir hönd hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, á hendi umsjón með höfninni og framkvæmd hafnarmálefna, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

Í hafnarnefnd eiga sæti 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps og 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu.

Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára og gengur 1 úr árlega fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmanna skulu eiga heima í Sauðárkróks-kaupúni.

136

16. des.

4. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Sauðárkróks. Sjóðnum skal verja til umbóta á höfninni og til bygginga mannvirkja, er höfninni tilheyrja.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Hafnarnefnd ákveður, hvernig hafnarsjóður skuli ávaxtaður, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans.

Hreppsnefnd er skylt að láta endurskoða reikninga hafnarinnar einu sinni á ári.

5. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra. Hafnarnefnd kys sér formann og gjaldkera til eins árs í senn. Formaður kallar saman fundi og stjórnar þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefir á hendi umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar í samráði við gjaldkera, og samþykkir reikninga til útborgana. Hann skal jafnan hafa aðgang að reikningshaldi hafnarinnar og skal gjaldkera skylt að gefa honum glögga skýrslu yfir inn- og útborganir, þegar hann krefst þess.

Gjaldkeri hafnarnefndar skal hafa á hendi reikningshald hafnarinnar, annast innheimtu á hafnargjöldum með aðstoð hafnarvarðar og hafa útborganir með höndum undir eftirliti formanns.

Þó má hann ekki greiða neina reikninga fyrir höfnina, nema formaður hafnarnefndar hafi áður ritað á þá samþykki sitt.

Hafnarnefnd hefir fundi svo oft sem þörf krefur. Formanni er skylt að kveðja til fundar, ef einn nefndarmanna fer fram á það við hann.

Fundur er ályktunarfær, þegar tveir nefndarmanna eru á fundi.

III. KAFLI

Um almannareglur.

6. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni, á bryggjum hafnarinnar og landi hennar. Er öllum skylt að hlýðnast boðum og banni hennar, hafnarvarðar, og annara þeirra starfsmanna, er hún setur til þess að gæta reglu.

Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar, hafnarvarðar eða annara starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum, ef út af er brugðið.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna.

Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af meðferð eldfimrar vöru eða sprengiefna, er henni heimilt að gera þær varúðarráðstafanir, er henni þykja nauðsynlegar.

Ekki má skjóta á höfninni né á landi hafnarinnar í nánd við kaupúnið, nema með leyfi hafnarnefndar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

7. gr.

Venjulega er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefir hafnarvörður rétt til að leyfa skipum, sem sigla

eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri áætlun og flytja póst, að leggjast við bryggju 136
þó önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau frá að vikja, á meðan hin eru afgreidd. 16. des.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að álitni hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

Skip og bátar mega ekki liggja við bryggjur nema á meðan ferming eða afferming fer fram, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggju, álitni hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hvaða röð skip koma að bryggju.

8. gr.

Ef nauðsyn ber til þess að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilför hinna.

Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

9. gr.

Skip og bátar mega ekki varpa akkerum á höfninni, nema þar sem hafnarvörður ákveður. Hafnarnefnd ákveður og úrskurðar um öll atriði viðvikjandi legu skipa og báta á höfninni, ef ágreiningur rís um það, eða hafnarvörður telur þörf á breytingum í því efni. Eigi má festa skip við hafnargarð eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á hafnargarði og bryggjum.

Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast, að úr sé bætt tafarlaust.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður skips eða báta að hlýða boði hafnarnefndar eða hafnarvarðar, um að flytja skip sitt á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið flytja skip eða bát á kostnað og ábyrgð eiganda.

10. gr.

Hafnarnefnd hefir umsjón með bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar og áhöldum, er þeim fylgja, og er öllum áheimil notkun þeirra, nema leyfi hafnarnefndar eða hafnarvarðar komi til.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera neitt mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og heldur ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

11. gr.

Seglfestu, ösku eða öðru því, er valdið getur skemmdum á höfninni, mega skip ekki varpa útbyrðis á hafnarsvæðinu, né heldur má flytja slíkt úr landi út í höfnina.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarnefndar tálmar greiða notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er, eða gert óskaðlegt á annan hátt.

Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

13. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

14. gr.

Allir sem nota hafnarbryggjuna, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana og tæki hennar.

136 Farist þetta fyrir að dómi hafnarvarðar, skal hann sjá um ræstingu, en af-
16. des. greiðslumaður skips, skipstjóri eða bátsformaður, greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar.

Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

Hafnarnefnd getur heimtað gjald fyrir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

V. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lagi.

16. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu, eða lagt er í lagi, og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera, og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó að það sé mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skyllt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

17. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þessum, sem lagt er í lagi á höfninni.

VI. KAFLI

Um lestagjöld og ljósagjöld.

18. gr.

Öll skip, hvort þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld, sem miða skal við smálestátölu skipsins, í hvert skipti, er þau koma inn á hafnarsvæðið, þó með þeim undantekningum, sem segir í 19. gr.

19. gr.

- a. Skip og bátar 5 brúttósmálestir að stærð og stærri, sem eru eign manna búsettra á Sauðárkróki og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Sauðárkróki a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjöld einu sinni á ári, eina krónu af hverri heilli brúttósmálest skips eða báts.

Vélbátar minni en 5 smálestir brúttó skulu ekkert lestagjald greiða.

- b. Flóabáturinn, sem annast strandferðir milli Sauðárkróks og Akureyrar, skal greiða lestagjald einu sinni á ári, eina krónu og fimmtíu auru af hverri heilli brúttósmálest skipsins. 136 16. des.

Um gjald þetta má semja, sbr. d-lið.

- c. Innland fiskiskip, hverju nafni sem nefnast (svo og skip, sem eru eingöngu í innanlandssiglingum), skulu greiða lestagjöld, 8 auru af hverri smálest af nettó burðarmagni skipsins, þó ekki minna en tvær krónur fyrir hverja ferð.
- d. Öll önnur skip, sem á höfnina koma, nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem talin eru undir staflið f. þessarar greinar, skulu greiða 20 auru í lestagjald af hverri heilli smálest nettó, í hvert skipti, er þau koma til hafnar.

Heimilt skal þó hafnarnefnd að semja um lægra gjald fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlan, eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

- e. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur.
- f. Af íslenskum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. sildarsöltun og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald, 50 auru af hverri smálest. Sama aukagjald skal gjalda af íslenskum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenskum dráttarskipum slíkra skipa.

Erlend skip (ef leyft yrði að safna í þau síld til verksmiðjuíðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald.

Gjalddagi lestagjalds samkv. a- og b-lið þessarar greinar skal vera 1. ágúst ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefir varpað akkerum á hafnarvæðinu.

20. gr.

Ef flutningsskip liggur lengur á höfninni en 10 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 10 daga eða brot úr þeim. Nú er skip veðurteppt og telst sá tími ekki með.

21. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí — að báðum dögum meðtöldum — og hafnargjöld greiða samkv. hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjöld sem hér segir:

- a. Skip, sem um getur í 19. gr. a-lið, greiði 10 krónur á ári. Vélbátar minni en 5 smálestir greiða þó aðeins 5 kr. á ári.
- b. Skip, sem um getur í 19. gr. b- og c-lið, greiði 2 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði: Undir 100 smálestir 4 kr., 100—200 smál. 8 kr., og yfir 200 smál. 20 kr. í hvert skipti, er þau koma til hafnar.

Þó greiða farþegaskip yfir 200 smál. aðeins 2 auru af hverri smálest í hvert skipti.

Hafnarnefnd hefir leyfi til að víkja frá þessari gjaldskrá til lækkunar, ef sérstaklega stendur á, enda fái hún til þess samþykki hreppsnefndar.

22. gr.

Vélbátar 12 smálestir brúttó og minni, sem ekki eiga heima á Sauðárkróki, eða eru gerðir þaðan út, greiða sem lestagjald, bryggjugjald og ljósagjald 2 krónur í hvert skipti, sem þeir leita hafnar.

VII. KAFLI
Vörugjaldskrá.

23. gr.

Innfluttar vörur:

- I. flokkur: Gjald kr. 0.45 fyrir hver 100 kg. af kornvöru, sykri, kolum, áburði og fóðurmjöli.
- II. flokkur: Gjald kr. 0.25 fyrir hver 100 kg. af salti.
- III. flokkur: Gjald kr. 0.30 fyrir hver 100 kg. af sementi.
- IV. flokkur: Gjald kr. 0.55 fyrir hver 100 kg. af öllum öðrum vörum, sem reiknast eftir þyngd.
- V. flokkur: Gjald kr. 1.25 fyrir hverja tunnu af olíu og benzíni.
- VI. flokkur: Gjald kr. 0,05 fyrir hvert stykki af tónum tunnum uppsettum og óuppsettum.
- VII. flokkur: Gjald kr. 0.10 fyrir hvert ten.fet af timbri.
- VIII. flokkur: Gjald kr. 0.20 fet³ hvert ten.fet af öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli.
- IX. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hvern stórgrip og kr. 0.75 fyrir hverja sauðkind.

Útfluttar vörur:

- I. flokkur: Gjald kr. 0.09 fyrir hvern frystan kindarskrokk.
- II. flokkur: Gjald kr. 0.10 fyrir hverja tunnu af saltsild.
- III. flokkur: Gjald kr. 0.40 fyrir hver 100 kg. af mjólk, skyri og heyi.
- IV. flokkur: Gjald kr. 0.25 fyrir hver 100 kg. af saltfiski.
- V. flokkur: Gjald kr. 0.30 fyrir hvert tonn af mól og sandi.
- VI. flokkur: Gjald kr. 0.50 fyrir hver 100 kg. af öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
- VII. flokkur: Gjald kr. 0.25 fyrir hvert stykki af tónum tunnum og öðrum umbúðum.
- VIII. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hvern stórgrip og 0.75 fyrir hverja sauðkind og geit.

24. gr.

Undanþegar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Nýr fiskur og sild.
 - b. Kol, olía, salt, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
 - c. Póstur og smávægilegur farþegaflutningur. Ennfremur er undanþegið vörugjaldi, saltfiskur, sem fluttur er inn til verkunar og tómar tunnur til síldarverkunar.
- Heimilt er hafnarnefnd, eftir samkomulagi við aðila, að endurgreiða hluta af greiddu vörugjaldi við innflutning af kolum og salti, ef sannað er, að vörur þessar hafi gengið til skips eða síldarverksmiðju.

25. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Hafnarnefnd á heimtingu á að fá afrit af farmskrá skipa.

Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips, ber ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunum, unz vörugjaldið er að fullu greitt, og í skipi, unz hafnargjald er greitt. **136**
16. des.

VIII. KAFLI

Um bryggjugjöld.

26. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbryggjur eða hafnargarð, skal greiða bryggjugjald 4 aura af hverri nettósmál. skipsins.

Hálf smálest reiknast sem heil, en minna broti skal sleppt.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi. Heimabátar undir 10 smál. nettó greiði:

- a. Vélbátar 10 krónur á ári.
- b. Róðrabátar 5 krónur á ári.

Heimilt er hafnarnefnd að láta skip og báta, gerða út af Sauðárkróki, 10 smálestir og þar yfir nettó, greiða eftir samningi fast gjald á ári.

Gjalddagi á bryggjugjöldum báta undir 10 smálestum og báta, er samning hafa um fast árgjald, er 1. ágúst ár hvert, önnur bryggjugjöld falla í gjalddaga, þegar skip hefir lagst við bryggju.

IX. KAFLI

Um innheimtur og greiðslur hafnargjalda.

27. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

28. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjaldanna, og má taka gjöldin lögtaki hjá skipstjóra og útgerðarmanni og formanni skips. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni, eða ef eigi næst í hann, ber eigandi hennar ábyrgð á greiðslu gjaldanna, og má taka gjöldin lögtaki hjá honum.

Gjöldin skulu greidd í hvert skipti, sem skip hafna sig á höfninni eða leggjast við bryggju. Þó getur gjaldkeri leyft skipum, sem stunda veiðar frá Sauðárkróki, að borga öll gjöldin í einu, áður en þau fara þaðan, og ber þeim að semja um það fyrirfram við gjaldkera.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni, án þess að borga lögmæt hafnargjöld, og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá gjaldkera, hefir gert sig sekan um brot á reglugerð þessari, og fer um það brot sem önnur brot á reglugerðinni.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur ris síðar um, hve oft skipið hafi hafnað sig á höfninni, og skal þá farið eftir skýrslu hafnarvarðar um það efni.

X. KAFLI

Ýms ákvæði.

29. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

30. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

136

16. des.

31. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörumagn, og eigi er ætlandi, að um sé að kenna afsakanlegu gáleysi, og skal þá greiða tvöfalt vörugjald og sekt, sem um brot á hafnarreglugerðinni, nema um þyngri refsingu sé að ræða að lögum.

32. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Hafnarvörður er réttur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gert aðra skipun. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þrem óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

33. gr.

Enginn, sem þakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnargjaldkeri tekur gilda.

34. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

35. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina, nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar. Beitutaka er bönnuð innan takmarks hafnarinnar, nema með leyfi formanns hafnarnefndar, er ákveðið getur gjald fyrir beitutökuna í samráði við hafnarnefnd.

36. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Sauðárkróks.

37. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara sem almenn lögreglumál.

38. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá úr gildi felld bryggjureglugerð nr. 112 28. nóvember 1931.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 65 8. september 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. desember 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.